Deloitte.

# Hafnarfjarðarbær.

Ársreikningur 2003

Hafnarfjarðarbær.
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

kt. 590169-7579

Aðili að
Deloitte Touche Tohmatsu

# Hafnarfjarðarbær.

Ársreikningur 2003

Efnisyfirlit.


| | |
|---|---|
| Skýrsla bæjarstjórnar og bæjarstjóra ................ | 2 |
| Áritun endurskoðenda ........................................ | 3 |
| Rekstrarreikningur. ............................................ | 4 |
| Efnahagsreikningur ............................................ | 5-6 |
| Sjóðstreymi ......................................................... | 7 |
| Heildaryfirlit yfir rekstur .................................. | 8 |
| Skýringar............................................................ | 9-18 |

# Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikning, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Eins og nánar var greint frá í ársreikningi síðasta árs er starfseminni nú skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhaglega sjálfstæðar einingar.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu kr. 6.973 millj. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð kr. 6.863 millj. Rekstrartekjur A hluta námu kr. 6.293 millj., en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð kr. 6.240 millj. Álagningarhlutfall útsvars var 13,03% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,36% vegna íbúðahúsnæðis og 1,65% vegna atvinnuhúsnæðis. Lögbundin hámörk þessara hlutfalla er 0,62% og 1,65% að teknu tilliti til 25% álags. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 70 millj. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um kr. 82 millj.
Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um kr. 208 millj. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir henni neikvæðri um kr. 163 millj. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam kr.3.654 millj. samkvæmt efnahagsreikningi.

Veltufé frá rekstri A og B hluta nam kr. 448 milljónum en áætlun hafði ráðgert 445 milljónir. Frá A hluta nam veltufé frá rekstri kr. 213 milljónum en áætlun ráðgerði 209 milljónir.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls kr. 3.464 millj. hjá sveitarfélaginu en stöðugildi voru að meðaltali 1.110. Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu kr.26,5 millj. á árinu 2003.

Íbúafjöldi Hafnarfjarðar 1. desember 2003 var 21.190 og fjölgaði um 518 frá fyrra ári eða um 2,5%

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar og bæjarstjóri staðfesta hér með ársreikning Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Hafnarfirði, 31. mars 2004.

Lúðvík Geirsson
bæjarstjóri

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar

Hafnarfirði, 20. apríl 2004

# Áritun endurskoðenda

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Við höfum endurskoðað ársreikning Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins, B hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, heildaryfirlit yfir rekstur, efnahagsyfirlit og skýringar nr. 1 - 23. Ársreikningurinn er lagður fram af Bæjarstjórn Hafnarfjarðar og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Hafnarfjarðarbæjar á árinu 2003, efnahag 31. desember 2003, og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög og reglur um reikningsskil sveitarfélaga á Íslandi.

Reykjavík, 31. mars 2004

**Deloitte hf.**

Birkir Leósson
löggiltur endurskoðandi

Helgi Númason
löggiltur endurskoðandi

# Áritun kjörinna skoðunarmanna Hafnarfjarðarbæjar

Við undirritaðir skoðunarmenn Hafnarfjarðarbæjar höfum yfirfarið ársreikning Hafnarfjarðarbæjar.

Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Hafnarfirði 31. mars 2004.

Gunnar Hjaltalín

Þorgils Ámundason

# Rekstrarreikningur ársins 2003

| | | Sjóðir í A - hluta | | | Sjóðir í B - hluta | | | Samantekið | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Skýr. | 2003 | Áætlun | 2002 | 2003 | Áætlun | 2002 | 2003 | Áætlun | 2002 |
| **Tekjur** | 3 | | | | | | | | | |
| Skatttekjur þ.m.t. framlag Jöfnunarsjóðs ... | | 5.424.167 | 5.441.298 | 5.009.230 | 0 | 0 | 0 | 5.424.167 | 5.441.298 | 5.009.230 |
| Ýmsar tekjur ... | | 856.733 | 799.054 | 680.546 | 679.775 | 622.982 | 633.553 | 1.536.508 | 1.422.036 | 1.314.099 |
| | | 6.280.900 | 6.240.352 | 5.689.777 | 679.775 | 622.982 | 633.553 | 6.960.675 | 6.863.334 | 6.323.329 |
| **Gjöld** | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ... | 4 | 3.354.516 | 3.338.930 | 3.114.546 | 109.156 | 115.783 | 106.689 | 3.463.672 | 3.454.713 | 3.221.235 |
| Annar rekstrarkostnaður ... | | 2.752.427 | 2.656.358 | 2.553.396 | 207.959 | 154.804 | 201.635 | 2.960.386 | 2.811.162 | 2.755.031 |
| | | 6.106.943 | 5.995.288 | 5.667.942 | 317.115 | 270.587 | 308.324 | 6.424.058 | 6.265.875 | 5.976.265 |
| Hagnaður fyrir afskriftir ... | | 173.957 | 245.064 | 21.835 | 362.660 | 352.395 | 325.229 | 536.617 | 597.459 | 347.064 |
| Afskriftir ... | 6 | (317.710) | (302.754) | (274.880) | (149.395) | (151.084) | (145.621) | (467.105) | (453.838) | (420.500) |
| Rekstrarhagnaður (-tap) ... | | (143.753) | (57.690) | (253.045) | 213.265 | 201.311 | 179.608 | 69.512 | 143.621 | (73.436) |
| **Aðrar tekjur og gjöld** | | | | | | | | | | |
| Óvenjulegir liðir ... | 5 | (25.957) | (38.250) | (62.888) | 0 | 0 | (25.382) | (25.957) | (38.250) | (88.270) |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir vexti** | | (169.710) | (95.940) | (315.932) | 213.265 | 201.311 | 154.226 | 43.554 | 105.371 | (161.706) |
| Vaxtatekjur og (vaxtagjöld) ... | | (38.766) | (67.088) | 776.500 | (74.948) | (119.969) | 9.103 | (113.714) | (187.057) | 785.603 |
| **Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)** | | (208.477) | (163.028) | 460.568 | 138.317 | 81.342 | 163.329 | (70.160) | (81.686) | 623.897 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | Sjóðir í A - hluta | | Sjóðir í B - hluta | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | 2003 | 2002 | 2003 | 2002 | 2003 | 2002 |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir** | 2,6,7 | | | | | | |
| Fasteignir | | 7.138.065 | 6.792.208 | 5.138.282 | 4.997.366 | 12.276.347 | 11.789.574 |
| Veitu- og gatnakerfi | | 621.621 | 402.406 | 1.044.766 | 1.034.037 | 1.666.387 | 1.436.443 |
| Holræsakerfi | | 0 | 0 | 466.788 | 479.823 | 466.788 | 479.823 |
| Vélar, áhöld og tæki | | 94.468 | 44.215 | 66.512 | 68.986 | 160.980 | 113.201 |
| | | 7.854.154 | 7.238.829 | 6.716.348 | 6.580.212 | 14.570.502 | 13.819.041 |
| **Áhættufjármunir og langtímakröfur** | 2,8 | | | | | | |
| Eignarhlutar í félögum | | 2.200.761 | 2.368.510 | 350 | 350 | 1.951.111 | 2.368.860 |
| Langtímakröfur | 2 | 321.528 | 519.705 | 23.804 | 60.968 | 345.332 | 580.673 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki | | 635.038 | 656.210 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir | | (335.028) | (454.873) | (1.722) | 0 | (88.591) | (256.251) |
| | | 2.822.299 | 3.089.552 | 22.432 | 61.318 | 2.207.851 | 2.693.282 |
| **Fastafjármunir** | | 10.676.452 | 10.328.381 | 6.738.780 | 6.641.530 | 16.778.353 | 16.512.323 |
| **Veltufjármunir** | 2 | | | | | | |
| **Vörubirgðir** | | | | | | | |
| Rekstrarvörur | 2,9 | 0 | 6.636 | 1.576 | 1.500 | 1.576 | 8.136 |
| **Skammtímakröfur** | | | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | | 868.330 | 771.348 | 0 | 0 | 868.330 | 771.348 |
| Skammtímakröfur | | 126.592 | 81.879 | 103.994 | 68.067 | 230.587 | 149.946 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki | | 1.231 | 7.171 | 133.803 | 87.900 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir langtímakrafna | | 335.028 | 454.873 | 1.722 | 0 | 88.591 | 256.251 |
| | | 1.331.181 | 1.315.271 | 239.520 | 155.967 | 1.189.083 | 1.185.680 |
| **Handbært fé** | | | | | | | |
| Bankainnstæður | | 135.167 | 10.380 | 62.331 | 36.005 | 197.498 | 46.385 |
| | | 135.167 | 10.380 | 62.331 | 36.005 | 197.498 | 46.384 |
| **Veltufjármunir** | | 1.466.348 | 1.332.287 | 303.427 | 193.472 | 1.386.582 | 1.232.064 |
| **Eignir** | | 12.142.800 | 11.660.666 | 7.042.207 | 6.835.002 | 18.164.935 | 17.744.387 |



*Fjárhæðir eru í þúsundum króna.*

## 31. desember 2003

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | Sjóðir í A - hluta 2003 | Sjóðir í A - hluta 2002 | Sjóðir í B - hluta 2003 | Sjóðir í B - hluta 2002 | Samantekið 2003 | Samantekið 2002 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 11 | | | | | | |
| Eigið fé | | 1.090.344 | 1.348.549 | 2.813.509 | 2.720.824 | 3.653.853 | 4.069.373 |
| **Eigið fé** | | 1.090.344 | 1.348.549 | 2.813.509 | 2.720.824 | 3.653.853 | 4.069.373 |
| **Skuldbindingar** | | | | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 12 | 2.054.800 | 1.809.802 | 90.800 | 97.217 | 2.145.600 | 1.907.019 |
| **Langtímaskuldir** | 13,14 | | | | | | |
| Aðrar langtímaskuldir | | 8.154.499 | 7.666.226 | 3.378.529 | 3.301.760 | 11.533.028 | 10.967.986 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | | 0 | 0 | 635.038 | 656.210 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir | | (493.747) | (442.874) | (830.131) | (13.296) | (1.323.878) | (456.170) |
| | | 7.660.752 | 7.223.352 | 3.183.436 | 3.944.674 | 10.209.149 | 10.511.816 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 0 | 140.313 | 0 | 0 | 0 | 140.313 |
| Viðskiptaskuldir | | 417.302 | 604.826 | 18.102 | 14.680 | 435.403 | 619.506 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | | 133.803 | 87.900 | 1.231 | 7.171 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 2 | 292.052 | 3.050 | 104.998 | 37.141 | 397.050 | 40.191 |
| Næsta árs afborganir langtímalána | | 493.747 | 442.874 | 830.131 | 13.296 | 1.323.878 | 456.170 |
| | | 1.336.904 | 1.278.963 | 954.462 | 72.287 | 2.156.332 | 1.256.179 |
| **Skuldir og skuldbindingar** | | 11.052.456 | 10.312.117 | 4.228.698 | 4.114.178 | 14.511.081 | 13.675.014 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 12.142.800 | 11.660.666 | 7.042.207 | 6.835.002 | 18.164.935 | 17.744.387 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2003

| | Sjóðir í A - hluta | | | Sjóðir í B - hluta | | | Samantekið | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | **2003** | **Áætlun** | **2002** | **2003** | **Áætlun** | **2002** | **2003** | **Áætlun** | **2002** |
| Rekstrarniðurstaða ársins | (208.477) | (163.028) | 460.568 | 138.317 | 81.342 | 163.329 | (70.160) | (81.686) | 623.897 |
| **Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:** | | | | | | | | | |
| Afskriftir | 317.710 | 302.754 | 274.880 | 149.395 | 151.084 | 145.621 | 467.105 | 453.838 | 420.501 |
| Verðbætur og gengismunur | (184.535) | (55.229) | (865.796) | 49.927 | 0 | (110.131) | (134.608) | (55.229) | (975.927) |
| (Söluhagnaður) / tap fastafjármuna | (2.256) | 0 | 23.335 | (50.312) | 48.841 | 722 | (52.568) | 48.841 | 24.057 |
| Áhrif innri viðskipta | 45.876 | 0 | 82.260 | (45.876) | (45.195) | (72.236) | 0 | (45.195) | 10.024 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingum | 244.998 | 125.000 | 150.756 | (6.417) | 0 | 9.310 | 238.581 | 125.000 | 160.066 |
| **Veltufé (til) frá rekstri** | 213.316 | 209.497 | 126.003 | 235.034 | 236.072 | 136.615 | 448.350 | 445.569 | 262.618 |
| **Breytingar á skammtímaliðum:** | | | | | | | | | |
| Skammtímakröfur og birgðir | (135.059) | (260.000) | (119.842) | (36.003) | 0 | 3.497 | (171.062) | (260.000) | (116.345) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | 101.478 | (45.000) | 10.592 | 71.279 | 0 | (2.882) | 172.757 | (45.000) | 7.710 |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | 179.734 | (95.503) | 16.753 | 270.310 | 236.072 | 137.230 | 450.044 | 140.569 | 153.983 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | | | | | |
| Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum | (964.985) | (672.980) | (837.279) | (462.947) | (295.300) | (191.106) | (1.427.932) | (968.280) | (1.028.385) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | 24.103 | 0 | 41.227 | 235.285 | 0 | 95.108 | 259.388 | 0 | 136.335 |
| Eignarhlutir í félögum, breyting | 167.749 | 346.000 | (53.558) | 0 | 0 | | 167.749 | 346.000 | (53.558) |
| Langtímakröfur, breyting | 198.177 | 12.000 | 150.632 | 37.164 | 0 | (26.347) | 235.341 | 12.000 | 124.285 |
| Langtímakröfur við eigin fyrirtæki | 21.172 | 38.675 | 0 | (21.172) | 0 | 0 | 0 | 38.675 | 0 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | (553.784) | (276.305) | (698.978) | (211.670) | (295.300) | (122.345) | (765.453) | (571.605) | (821.323) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | | | |
| Viðskiptastaða eigin fyrirtækja | 51.843 | 5.148 | 0 | (51.843) | (8.628) | (15.481) | 0 | (3.480) | (15.481) |
| Tekin ný langtímalán | 3.595.414 | 990.000 | 1.004.349 | 70.894 | 180.000 | 80.576 | 3.666.308 | 1.170.000 | 1.084.925 |
| Afborganir langtímalána | (2.922.607) | (517.906) | (409.339) | (44.051) | (43.452) | (76.531) | (2.966.659) | (561.358) | (485.870) |
| Afborganir lífeyriskuldb. | (85.500) | 0 | (35.952) | 2.686 | 0 | (3.216) | (82.814) | 0 | (39.168) |
| Greiddur arður | 0 | 0 | 0 | (10.000) | (10.000) | 0 | (10.000) | (10.000) | 0 |
| Skammtímalán, breyting | (140.313) | (35.000) | 125.450 | 0 | 0 | 0 | (140.313) | (35.000) | 125.450 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | 498.837 | 442.242 | 684.508 | (32.315) | 117.920 | (14.652) | 466.522 | 560.162 | 669.856 |
| **Hækkun (lækkun) handbærs fjár** | 124.787 | 70.434 | 2.283 | 26.326 | 58.692 | 233 | 151.113 | 129.126 | 2.516 |
| **Handbært fé í upphafi árs** | 10.380 | 10.380 | 8.097 | 36.005 | 36.005 | 35.772 | 46.385 | 46.385 | 43.869 |
| **Handbært fé í lok árs** | 135.167 | 80.814 | 10.380 | 62.331 | 94.697 | 36.005 | 197.498 | 175.511 | 46.385 |



Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Heildaryfirlit rekstrar ársins 2003

| Aðalsjóður | Rekstrar-niðurstaða | Áætlun | Frávik | Tekjur samtals | Skatt-tekjur | Aðrar tekjur | Rekstrar-gjöld samtals | Laun og launatengd gjöld | Annar rekstrar-kostnaður | Húsaleiga | Afskriftir | Fjármagns-liðir nettó | Framlög og styrkir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 00 - Skatttekjur | 5.424.167 | 5.441.298 | (17.131) | 5.424.167 | 5.424.167 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 02 - Félagsþjónusta | (541.985) | (512.015) | (29.970) | 40.539 | 0 | 40.539 | 582.524 | 158.599 | 96.327 | 26.996 | 0 | 50 | 300.552 |
| 03 - Heilbrigðismál | (17.948) | (17.940) | (8) | 0 | 0 | 0 | 17.948 | 0 | 0 | 17.940 | 0 | 0 | 8 |
| 04 - Fræðslu- og uppeldismál | (3.221.866) | (3.197.207) | (24.659) | 321.205 | 0 | 321.205 | 3.543.071 | 2.329.358 | 517.775 | 634.069 | 0 | 295 | 61.574 |
| 05 - Menningarmál | (200.600) | (200.949) | 349 | 21.081 | 0 | 21.081 | 221.680 | 83.072 | 52.988 | 53.607 | 0 | 137 | 31.877 |
| 06 - Æskulýðs- og íþróttamál | (641.272) | (630.864) | (10.408) | 225.595 | 0 | 225.595 | 866.867 | 260.513 | 153.305 | 202.459 | 0 | 403 | 250.187 |
| 07 - Brunamál og almannavarnir | (80.634) | (80.634) | 0 | 0 | 0 | 0 | 80.634 | 0 | 0 | 2.861 | 0 | 0 | 77.773 |
| 08 - Hreinlætismál | (97.520) | (98.113) | 593 | 59.082 | 0 | 59.082 | 156.603 | 0 | 100.387 | 0 | 0 | 0 | 56.215 |
| 09 - Skipulags- og byggingamál | (117.206) | (113.710) | (3.496) | 34.529 | 0 | 34.529 | 151.735 | 109.182 | 34.092 | 3.040 | 0 | 3 | 5.417 |
| 10 - Umferðar- og samgöngumál | (279.852) | (270.505) | (9.347) | 12.995 | 0 | 12.995 | 292.847 | 7.058 | 132.836 | 33.466 | 0 | 0 | 119.488 |
| 11 - Umhverfismál | (100.492) | (94.208) | (6.284) | 13.175 | 0 | 13.175 | 113.667 | 19.886 | 93.212 | 120 | 0 | 0 | 450 |
| 13 - Atvinnumál | (40.190) | (39.258) | (932) | 0 | 0 | 0 | 40.190 | 18.032 | 9.478 | 843 | 0 | 0 | 11.837 |
| 21 - Sameiginlegur kostnaður | (445.121) | (495.975) | 50.854 | 34.019 | 0 | 34.019 | 479.140 | 264.684 | 151.664 | 41.470 | 0 | 5.183 | 16.139 |
| 27 - Óvenjulegir liðir | (25.957) | (38.250) | 12.293 | 11.834 | 0 | 11.834 | 37.791 | 0 | 37.791 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Samtals málaflokkar** | (386.477) | (348.330) | (38.147) | 6.198.220 | 5.424.167 | 774.053 | 6.584.697 | 3.250.384 | 1.379.856 | 1.016.871 | 0 | 6.071 | 931.516 |
| 28 - Vaxtagjöld | (346.228) | (373.751) | 27.523 | 0 | 0 | 0 | 346.228 | 0 | 0 | 0 | 0 | 346.228 | 0 |
| Vaxtatekjur | 642.764 | 688.736 | (45.972) | 0 | 0 | 0 | (642.764) | 0 | 0 | 0 | 0 | (642.764) | 0 |
| Gengishagnaður | 189.573 | 130.982 | 58.591 | 0 | 0 | 0 | (189.573) | 0 | 0 | 0 | 0 | (189.573) | 0 |
| | 99.632 | 97.637 | 1.995 | 6.198.220 | 5.424.167 | 774.053 | 6.098.588 | 3.250.384 | 1.379.856 | 1.016.871 | 0 | (480.038) | 931.516 |
| **Þar af innri viðskipti** | 191.330 | 187.666 | 3.664 | 0 | 0 | 0 | (191.330) | 0 | 0 | (712.654) | 0 | 521.324 | 0 |
| **Aðalsjóður samtals** | 290.962 | 285.303 | 5.659 | 6.198.220 | 5.424.167 | 774.053 | 5.907.258 | 3.250.384 | 1.379.856 | 304.217 | 0 | 41.286 | 931.516 |
| **Aðrir sjóðir í A - hluta** | | | | | | | | | | | | | |
| Eignasjóður Hafnarfjarðar | (192.526) | (170.039) | (22.487) | 747.692 | 0 | 747.692 | 940.218 | 16.904 | 133.301 | 0 | 313.626 | 471.387 | 5.000 |
| Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar | (69.707) | (59.956) | (9.751) | 73.940 | 0 | 73.940 | 143.647 | 87.228 | 36.328 | 14.465 | 4.083 | 1.542 | 0 |
| | (262.233) | (229.995) | (32.238) | 821.632 | 0 | 821.632 | 1.083.865 | 104.132 | 169.629 | 14.465 | 317.710 | 472.929 | 5.000 |
| **Þar af innri viðskipti A-hluta** | (237.205) | (218.336) | (18.869) | (727.119) | 0 | (727.119) | (489.914) | 0 | 0 | (14.465) | 0 | (475.448) | 0 |
| **Aðrir sjóðir í A-hluta** | (499.439) | (448.331) | (51.108) | 94.513 | 0 | 94.513 | 593.952 | 104.132 | 169.629 | 0 | 317.710 | (2.520) | 5.000 |
| **Samantekið fyrir A-hluta** | (208.477) | (163.028) | (45.449) | 6.292.733 | 5.424.167 | 868.567 | 6.501.210 | 3.354.516 | 1.549.485 | 304.217 | 317.710 | 38.766 | 936.516 |
| **Sjóðir í B - hluta** | | | | | | | | | | | | | |
| Fráveita Hafnarfjarðar | 10.026 | 9.769 | 257 | 145.240 | 0 | 145.240 | 135.215 | 13.243 | 28.008 | 0 | 47.568 | 46.396 | 0 |
| Hafnarsjóður Hafnarfjarðar | 49.556 | 578 | 48.978 | 242.456 | 0 | 242.456 | 192.900 | 52.904 | 82.746 | 0 | 46.463 | 10.714 | 74 |
| Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar | (3.958) | (42.424) | 38.466 | 104.379 | 0 | 104.379 | 108.337 | 16.838 | 72.096 | 0 | 17.928 | 1.475 | 0 |
| Vatnsveita Hafnarfjarðar | 36.818 | 36.988 | (170) | 187.700 | 0 | 187.700 | 150.882 | 26.171 | 25.036 | 0 | 37.436 | 62.239 | 0 |
| | 92.441 | 4.911 | 87.530 | 679.775 | 0 | 679.775 | 587.334 | 109.156 | 207.885 | 0 | 149.395 | 120.824 | 74 |
| **Þar af innri viðskipti B-hluta** | 45.876 | 76.431 | (30.555) | 0 | 0 | 0 | (45.876) | 0 | 0 | 0 | 0 | (45.876) | 0 |
| **Samantekið fyrir B-hluta** | 138.317 | 81.342 | 56.975 | 679.775 | 0 | 679.775 | 541.458 | 109.156 | 207.885 | 0 | 149.395 | 74.948 | 74 |
| **Samantekið fyrir A- og B-hluta** | (70.160) | (81.686) | 11.526 | 6.972.509 | 5.424.167 | 1.548.342 | 7.042.669 | 3.463.672 | 1.757.371 | 304.217 | 467.105 | 113.714 | 936.590 |



Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, lög um ársreikninga, nr 144/1994, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B-hluta, sbr. 60. grein sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Til A-hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð.

Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Fráveita, Hafnarsjóður, Húsnæðisskrifstofa og Vatnsveita.

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2003 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A-hluta og B-hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir báða hlutana.

Til samanburðar við ársreikning 2003 er birt fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2003 eins og hún var eftir breytingar á henni í október s.l. auk samanburðartalna fyrra árs.

## Helstu reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju sveitarfélaga á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

### Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustumiðstöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til bæði A-hluta og B-hluta. Í honum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

# Skýringar

## Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem framleiðslugjald og lóðarleiga.
Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.
Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Þjónustutekjur eru tekjufærðar þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

## Gjaldfærslur á tímabil

Gjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsliða í rekstrarreikningi.

## Niðurfærsla eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir sveitarsjóðs eru nú færðir á matsverði sbr. viðmiðun Félagsmálaráðuneytis eða framreiknuðu kostnaðarverði til ársloka 2001 að frádreginni árlegri afskrift sem miðuð er við áætlaðan líftíma eignanna. Frá og með árinu 2002 hafa varanlegir rekstrarfjármunir ekki framreiknaðir. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 25 til 90 ár |
| Lóðir og lönd vegna skipulags | 25 ár |
| Gatnakerfi | 25 ár |
| Veitukerfi | 10 til 50 ár |
| Aðrar eignir | 3 til 8 ár |

## Skýringar

### Eignarhlutar í félögum

Frá 1. janúar 2002 hafa eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum verið færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs og frá sama tíma er ekki færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs. Bókfærðu verði eignarhluta sem voru í eigu sveitarsjóðs í árslok 2001 hefur ekki verið breytt.

Eignarhlutar B-hluta fyrirtækja í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði.

### Byggðasamlög

Eignarhlutar sveitarsjóðs í byggðasamlögum eru eignfærðir á upphaflegu kostnaðarverði. Byggðasamlög flokkast sem B-hluta félög þó um skylduverkefni sveitarfélaga sé að ræða, enda endurspegla framlög til byggðasamlaganna kostnað sveitarfélagsins í viðkomandi málaflokki.

### Eignir utan efnahags

Lönd og lóðir í eigu Hafnarfjarðarbæjar eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi, ef frá er talið land sem keypt er vegna skipulags eða lóðaúthlutunar. Framkvæmdir vegna gatnakerfis í eigu bæjarfélagsins, frá því fyrir 1. janúar 2002 er einnig utan efnahagsreiknings.

### Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. kafla hér framar um niðurfærslu eigna.

### Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði auk áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóð, innstæðum í bönkum og sambærilegum eignum sem eiga það sameiginlegt að vera handbærar innan þriggja mánaða.

## Skuldbindingar

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikning á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

## Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar til verðlags í árslok eins og lánakjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

## Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi skuldir er að ræða.

## Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Skrá yfir ábyrgðir sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringu 16.

Sveitarfélagið hefur gert einkaframkvæmdasamninga (rekstrarleigusamninga) um byggingu, leigu og rekstur á alls sjö fasteignum fyrir skóla, leikskóla og æskulýðs- og íþróttastarf. Samningarnir eru allir til um 25 ára og lýkur á tímabilinu 2026 til 2030. Sjá nánar í skýringu nr. 17 um nánari sundurliðun.

## Rekstrartekjur

3. Rekstrartekjur greinast þannig:

| | A-hluti 2003 | B-hluti 2003 | Samantekið 2003 | Áætlun alls 2003 |
|---|---|---|---|---|
| **Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Útsvör | 4.265.167 | 0 | 4.265.167 | 4.332.525 |
| Fasteignaskattur | 687.615 | 0 | 687.615 | 662.652 |
| Lóðarleiga | 105.425 | 0 | 105.425 | 114.121 |
| | 5.058.207 | 0 | 5.058.207 | 5.109.298 |
| **Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Jöfnunarframlag | 233.960 | 0 | 233.960 | 200.000 |
| Framlag vegna fatlaðra | 36.525 | 0 | 36.525 | 40.480 |
| Framlag vegna nýbúa | 6.030 | 0 | 6.030 | 5.520 |
| | 276.515 | 0 | 276.515 | 246.000 |
| **Framleiðslugjald frá Ísal** | | | | |
| Aðrar tekjur með skattígildi | 89.445 | 0 | 89.445 | 86.000 |
| | 89.445 | 0 | 89.445 | 86.000 |
| **Skatttekjur samtals:** | 5.424.167 | 0 | 5.424.167 | 5.441.298 |
| **Aðrar tekjur** | | | | |
| Aðalsjóður | 774.053 | 0 | 774.053 | 725.045 |
| Eignasjóður | 747.692 | 0 | 747.692 | 744.836 |
| Þjónustumiðstöð | 73.940 | 0 | 73.940 | 67.000 |
| Fráveita | 0 | 145.240 | 145.240 | 144.694 |
| Hafnarsjóður | 0 | 242.456 | 242.456 | 206.550 |
| Húsnæðisskrifstofa | 0 | 104.379 | 104.379 | 85.450 |
| Vatnsveita | 0 | 187.700 | 187.700 | 186.288 |
| Óvenjulegir liðir | (11.834) | 0 | (11.834) | 0 |
| Innri viðskipti | (727.119) | 0 | (727.119) | (737.827) |
| | 856.733 | 679.775 | 1.536.508 | 1.422.036 |

Álagningarhlutföll

| | |
|---|---|
| Útsvar | 13,03% |
| Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði | 0,36% |
| Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði og fleira | 1,65% |

## Laun og launatengd gjöld

4. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | A-hluti 2003 | B-hluti 2003 | Samantekið 2003 | Áætlun alls 2003 |
|---|---|---|---|---|
| Laun | 2.817.948 | 99.616 | 2.917.564 | 2.950.325 |
| Launatengd gjöld | 506.223 | 19.489 | 525.712 | 504.388 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 30.345 | (9.949) | 20.396 | 0 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 3.354.516 | 109.156 | 3.463.672 | 3.454.713 |

Stöðugildi að meðaltali 1.110

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu um 26,5 milljónum króna.

## Óvenjulegir liðir

5. Óvenjulegir gjaldaliðir samanstanda af uppgjörum, annars vegar vegna brotthvarfs fyrirtækis úr BÚH húsinu að fjárhæð kr. 17,5 millj. og hins vegar við Íslensku menntasamtökin vegna grunnskólans í Áslandi og leikskólans Tjarnarás samtals um 34 millj. Tekjur vegna uppgjörs á virðisaukaskattsmálum frá fyrri árum hafa verið færðar hér samtals um kr. 13,7 millj.

## Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

**A-hluti:**

| | Fasteignir | Veitu-, gatna og holræsak. | Vélar, áhöld, tæki o.fl. | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð 1.1 | 11.137.710 | 412.724 | 55.323 | 11.605.757 |
| Afskrifað áður | (4.345.502) | (10.318) | (11.109) | (4.366.928) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 6.792.208 | 402.406 | 44.215 | 7.238.829 |
| Viðbót á árinu | 637.648 | 235.418 | 81.816 | 954.882 |
| Selt á árinu | (24.103) | 0 | 0 | (24.103) |
| Söluhagnaður (sölutap) | 2.256 | 0 | 0 | 2.256 |
| Afskrifað á árinu | (269.944) | (16.204) | (31.563) | (317.710) |
| Bókfært verð í árslok | 7.138.065 | 621.621 | 94.468 | 7.854.154 |

**B-hluti:**

| | Fasteignir | Veitu-, gatna og holræsak. | Vélar, áhöld, tæki o.fl. | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð 1.1 | 7.776.446 | 2.625.067 | 104.369 | 10.505.882 |
| Afskrifað áður | (2.779.080) | (1.111.207) | (35.383) | (3.925.670) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 4.997.366 | 1.513.860 | 68.986 | 6.580.212 |
| Viðbót á árinu | 385.881 | 72.749 | 3.426 | 462.056 |
| Selt á árinu | (226.837) | 0 | 0 | (226.837) |
| Söluhagnaður (sölutap) | 50.312 | 0 | 0 | 50.312 |
| Afskrifað á árinu | (68.440) | (75.054) | (5.900) | (149.395) |
| Bókfært verð í árslok | 5.138.282 | 1.511.554 | 66.511 | 6.716.348 |

**Samantekið:**

| | Fasteignir | Veitu-, gatna og holræsak. | Vélar, áhöld, tæki o.fl. | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð 1.1 | 18.914.156 | 3.037.792 | 159.692 | 22.111.639 |
| Afskrifað áður | (7.124.582) | (1.121.525) | (46.492) | (8.292.598) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 11.789.574 | 1.916.266 | 113.200 | 13.819.041 |
| Viðbót á árinu | 1.023.529 | 308.167 | 85.242 | 1.416.938 |
| Selt á árinu | (250.940) | 0 | 0 | (250.940) |
| Söluhagnaður (sölutap) | 52.568 | 0 | 0 | 52.568 |
| Afskrifað á árinu | (338.384) | (91.258) | (37.463) | (467.105) |
| Bókfært verð í árslok | 12.276.347 | 2.133.175 | 160.980 | 14.570.502 |

7. Fasteignamat og vátryggingamat eigna sveitarfélagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteigna-mat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Skólahúsnæði | 2.869.531 | 3.162.087 | 3.372.836 |
| Leikskólahúsnæði | 655.394 | 770.437 | 824.348 |
| Íþróttamannvirki | 1.078.498 | 1.602.934 | 1.415.355 |
| Þjónustubyggingar | 417.326 | 527.690 | 462.343 |
| Annað húsnæði | 593.813 | 680.379 | 1.063.183 |
| Hreinsi- og dælistöðvar | 25.899 | 17.856 | 207.860 |
| Fasteignir Hafnarsjóðs | 199.602 | 200.785 | 101.775 |
| Hafnarmannvirki | 0 | 2.597.267 | 904.203 |
| Lóðir | 384.203 | 0 | 2.061.634 |
| Húsnæðisskrifstofa | 2.272.327 | 2.266.234 | 1.862.811 |
| | 8.496.593 | 11.825.669 | 12.276.347 |

Enn er unnið að því að fá ný möt á þær eignir sem hefur verið breytt og / eða endurbættar.

## Eignarhlutar í félögum

8. Eignarhlutar í félögum í árslok greinast þannig:

| | Hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð A-hluti | Bókfært verð B-hluti | Samantekið |
|---|---|---|---|---|---|
| Eignarhlutar í byggðasamlögum: | | | | | |
| Slökkvilið höfuðborgarsv. b.s. | 11,16% | 78.165 | 78.165 | | 78.165 |
| Strætó b.s. | 11,23% | 11.230 | 11.230 | | 11.230 |
| Sorpa | 11,51% | 59.970 | 59.970 | | 59.970 |
| | | 149.365 | 149.365 | 0 | 149.365 |
| Eignarhlutar í tengdum félögum: | | | | | |
| Vatnsveita | 100,00% | 250.000 | 250.000 | | 0 |
| Háigrandi | 100,00% | 50 | 50 | 50 | 100 |
| | | 250.050 | 250.050 | 50 | 100 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum: | | | | | |
| Hitaveita Suðurnesja | 15,50% | 1.591.508 | 1.591.508 | 0 | 1.591.508 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum: | | | | | |
| Jarðlind | 6,67% | 16.870 | 16.870 | | 16.870 |
| Norðurbakki ehf. | 33,33% | 190.200 | 190.200 | | 190.200 |
| Sprotasjóður | 18,14% | 2.768 | 2.768 | | 2.768 |
| Aflvaki hf. | | 0 | 0 | 300 | 300 |
| | | 209.838 | 209.838 | 300 | 210.138 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum samtals | | | 2.200.761 | 350 | 1.951.111 |

## Birgðir

| | A-hluti | B-hluti | Samantekið |
|---|---|---|---|
| 9. Vörubirgðir | 0 | 1.576 | 1.576 |

## Niðurfærsla krafna

| | A-hluti | B-hluti | Samantekið |
|---|---|---|---|
| 10. Niðurfærsla í ársbyrjun | 266.673 | 9.724 | 276.397 |
| Tekjufærð niðurfærsla á árinu | (19.383) | 10.196 | (9.187) |
| | 247.290 | 19.920 | 267.210 |

## Eigið fé

11. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

| | A-hluti | B-hluti | Samantekið |
|---|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 1.348.548 | 2.720.824 | 4.069.372 |
| Leiðrétting á eignarhluta í Vatnsveitu frá 2002 | 0 | 0 | (250.000) |
| Leiðrétting á eftirlaunaskuldbindingu frá 2002 | (85.500) | 2.686 | (82.814) |
| Leiðrétting vegna Fjarðargötu 13-15 frá 2002 | (10.103) | 7.558 | (2.545) |
| Hagnaður ársins | (162.601) | 92.441 | (70.160) |
| Greiddur arður | 0 | (10.000) | (10.000) |
| Eigið fé 31.12 2003 | 1.090.344 | 2.813.510 | 3.653.853 |

## Skuldbindingar

12. Eftirlaunaskuldbinding:

| | A-hluti | B-hluti | Samantekið |
|---|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding í upphafi árs | 1.809.802 | 97.217 | 1.907.019 |
| Leiðrétting vegna ársins 2002 | 85.500 | 200 | 85.700 |
| Breyting á árinu | 159.498 | (6.617) | 152.881 |
| | 2.054.800 | 90.800 | 2.145.600 |

## Langtímaskuldir

13. Yfirlit um langtímaskuldir:

| | A-hluti | B-hluti | Samantekið |
|---|---|---|---|
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum: | | | |
| Skuldir í EUR | 2.381.587 | 328.182 | 2.709.769 |
| Skuldir í USD | 2.819.091 | 355.285 | 3.174.375 |
| Skuldir í GBP | 1.018.362 | 171.989 | 1.190.351 |
| Skuldir í JPY | 266.081 | 84.090 | 350.172 |
| Skuldir í CHF | 1.363.480 | 148.975 | 1.512.455 |
| Skuldir í NOK | 9.962 | 42.098 | 52.061 |
| | 7.858.563 | 1.130.620 | 8.989.183 |
| Skuldir í íslenskum krónum | 295.936 | 2.247.909 | 2.543.845 |
| | 8.154.499 | 3.378.529 | 11.533.028 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (493.747) | (830.131) | (1.323.878) |
| Langtímaskuldir í árslok | 7.660.752 | 2.548.398 | 10.209.149 |

14. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 493.747 | 789.288 | 1.283.035 |
| Afborganir 2005 | 453.232 | 437.919 | 891.151 |
| Afborganir 2006 | 1.375.682 | 48.184 | 1.423.867 |
| Afborganir 2007 | 400.931 | 49.591 | 450.522 |
| Afborganir 2008 | 308.205 | 51.065 | 359.270 |
| Afborganir síðar | 5.122.701 | 2.002.482 | 7.125.183 |
| | 8.154.499 | 3.378.529 | 11.533.028 |

## Ábyrgðir utan efnahags

15. Sveitarfélagið er í einfaldri ábyrgð fyrir skuldbindingum Sorpu bs. en innbyrðis skiptist ábyrgð sameigenda skv. íbúatölu þeirra 1. desember næstliðins árs.

Á Hafnarfjarðarbæ hvílir ábyrgðarskuldbinding gagnvart þriðja aðila að fjárhæð um kr. 51 millj. í árslok 2003. Þetta er virðisaukaskattskvöð vegna Fjarðargötu 13 -15, aðallega vegna bílageymsluhúss. Þessi ábyrgðarskuldbinding er ekki færð í ársreikninginn.

Hafnarfjarðarbær hefur gert samstarfssamning við Þyrpingu hf. og J&K eignarhaldsfélag ehf. um uppbyggingu Norðurbakkasvæðisins við Hafnarfjarðarhöfn. Samkvæmt samningnum skal bæjarsjóður kosta ákveðnar framkvæmdir á svæðinu, svo sem landfyllingu og gerð smábátahafnar eða viðlegukanta. Fyrir liggur kauptilboð þess efnis að Hafnarfjarðarbær kaupi allt hlutafé í Norðurbakka ehf. Ef slík kaup ganga eftir falla framangreindar kvaðir niður.

## Rekstrarleigusamningar

16. Hafnarfjarðarbær hefur gert rekstrarleigusamninga (einkaframkvæmdarsamninga) um byggingu, leigu og rekstur á alls sjö fasteignum undir skóla, leikskóla og æskulýðs- og íþróttastarf. Um er að ræða skólahús Áslandsskóla, leikskólann Tjarnarás, leikskólann Álfastein, íþrótta- og kennslumiðstöð á Bjarkarreit (Bjarkarhús), skólahús og íþróttahús Lækjarskóla og leikskólann Hörðuvelli. Samningarnir eru allir til um það bil 25 ára, og lýkur á tímabilinu 2025 til 2029.

| | Upphaf leigutíma | Nafnverð lágmarksleigugreiðslna 2004 | 2005-08 | Síðar | Núvirði leigugreiðslna |
|---|---|---|---|---|---|
| Áslandsskóli 2/3 hl. | 22/08/01 | 43.813 | 175.252 | 799.586 | 491.587 |
| Áslandsskóli 1/3 hl. | 01/08/02 | 21.906 | 87.626 | 399.793 | 245.793 |
| Alls | | 65.719 | 262.878 | 1.199.379 | 737.380 |
| Leikskólinn Tjarnarás | 20/07/01 | 11.113 | 44.450 | 180.579 | 120.248 |
| Leikskólinn Álfasteinn | 15/03/01 | 14.533 | 58.133 | 247.064 | 159.537 |
| Íþrótta- og kennslumiðst. | 15/04/02 | 39.259 | 157.036 | 607.776 | 405.334 |
| Lækjarskóli 2/3 hl. | 01/08/02 | 91.666 | 366.664 | 1.421.881 | 931.602 |
| Lækjarskóli 1/3 hl. | 01/08/03 | 45.833 | 183.332 | 722.604 | 471.831 |
| Alls | | 137.499 | 549.996 | 2.144.485 | 1.403.433 |
| Lækjarskóli, íþróttahús | 01/08/04 | 13.305 | 127.731 | 539.062 | 319.368 |
| Leikskólinn Hörðuvellir | 01/05/02 | 12.476 | 49.902 | 189.402 | 127.076 |
| Samtals | | 293.904 | 1.250.126 | 5.107.747 | 3.272.376 |

Húsaleigugreiðslur á árinu 2003 námu kr. 211.990.198 vegna skóla- og leikskólahúsnæðis og kr. 40.411.133 vegna íþrótta- og kennslumiðstöðvar.

## Önnur mál

17. Sveitarfélagið hefur keypt atvinnurekstrartryggingu og nemur bótafjárhæðin allt að 6,2 miljörðum króna. Að auki er í gildi slysatrygginga vegna launþega samkvæmt kjarasamningi.

18. Hafnarfjarðarbær hefur gert fjármögnunarleigusamning um fasteign og fylgifé vegna Strandgötu 33 í Hafnarfirði. Eignir þær sem fjármagnaðar eru með þessum samningi eru ekki eignfærðar og skuldbindingar vegna þeirra ekki uppfærðar í efnahagsreikningi. Um er að ræða bindandi samning og er áhvílandi skuldbinding á bæjarsjóði í lok ársins sem nemur 60.391 þúsund krónum vegna hans.

19. Sveitarfélagið hefur gert þrjá samninga um húsaleigu og eru þeir til mislangs tíma. Einn húsaleigusamningurinn gildir til ársins 2005, en tveir til 2008.

## Kennitölur

| | A-hluti | B-hluti | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| | 2003 | 2003 | 2003 | Áætlun alls 2003 |
| **20. Í hlutfalli við rekstrartekjur** | | | | |
| Skatttekjur | 86,36% | 0,00% | 77,93% | 79,28% |
| Laun og launatengd gjöld | 53,41% | 16,06% | 49,76% | 50,34% |
| Annar rekstrarkostnaður | 43,82% | 30,59% | 42,53% | 40,96% |
| Rekstargjöld | 102,70% | 68,63% | 99,37% | 98,46% |
| Fjármagnsliðir, nettó | -0,62% | -11,03% | -1,63% | -2,73% |
| Rekstrarniðurstaða | -3,32% | 20,35% | -1,01% | -1,19% |
| Heildarskuldir, án skuldbindinga utan efnahagsr. | 175,97% | 622,07% | 208,47% | 211,43% |
| **21. Í þúsundum króna á íbúa** | | | | |
| Skatttekjur þ.m.t. Jöfnunarsjóður | 256 | 0 | 256 | 257 |
| Aðrar tekjur | 40 | 32 | 73 | 67 |
| Tekjur samtals | 296 | 32 | 328 | 324 |
| Rekstrargjöld og fjármagnsliðir | (305) | (26) | (331) | (326) |
| Óvenjulegir liðir | (1) | 0 | (1) | (2) |
| Rekstrarniðurstaða | (10) | 7 | (3) | (4) |
| Heildarskuldir, án skuldbindinga utan efnahagsr. | 522 | 200 | 685 | 645 |
| Eignir | 573 | 332 | 857 | |
| Eigið fé | 51 | 133 | 172 | |
| Skuldir | 522 | 200 | 685 | |
| **22. Aðrar lykiltölur** | | | | |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímask. | 1,10 | 0,32 | 0,64 | |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn | 0,09 | 0,40 | 0,20 | |
| Handbært fé frá rekstri / afkoma | -0,86 | 1,95 | -6,41 | |

23. **Íbúafjöldi**

| | |
|---|---|
| Í ársbyrjun | 20.672 |
| Breyting á árinu | 518 |
| Í árslok | 21.190 |